

**57. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 21. nóvember
2017 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Kristín Hálfðánsdóttir aðalmaður og Gísli Elís Úlfarsson aðalmaður.

Embættismenn:

Hálfðán Bjarki Hálfðánsson, upplýsingafulltrúi, Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Hálfðán Bjarki Hálfðánsson, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Svæðisáætlun Sorpmála - 2015090028

Lagt fram bréf Snjólaugar Tinnu Hansdóttur og Guðmundar B. Ingvarssonar, f.h. Umhverfisstofnunar, dagsett 6. nóvember sl. þar sem vakin er athygli á breytingu sem gerð var á 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, en eftirfarandi málsgrein var felld inn í lögina:

„Sveitarstjórn skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um útgáfu og veigamiklar endurskoðanir á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á því formi sem stofnunin leggur til.“

Bæjarráð tók erindið fyrir á 944. fundi sínum 13. nóvember sl. og vísaði til umhverfis- og framkvæmdanefndar.

Lagt fram til kynningar.

2. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða - 2017110020

Lagður fram tölvupóstur Magneu Garðarsdóttur, verkefnastjóra Visit Westfjords, dagsettur 8. nóvember sl. vegna gerðar áfangastaðaáætlunar Vestfjarða. Óskað er eftir að Ísafjarðarbær taki afstöðu til forgangsröðunar aðgerða sem sótt hefur verið um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, sem settar hafa verið fram í Landsáætlun og sem tilgreindar voru í vinnu vegna stefnumótunar vestfirskrar ferðaþjónustu. Bæjarráð tók erindið fyrir á 944. fundi sínum 13. nóvember sl. og vísaði drögum að áfangastaðaáætlun Vestfjarða til umsagnar umhverfis- og framkvæmdanefndar og hverfisráða í Ísafjarðarbæ, en vakti athygli á að Visit Westfjords hefur óskað eftir umsögnum Ísafjarðarbæjar fyrir 24. nóvember n.k.

Umhverfisfulltrúa falið að senda upplýsingar um afstöðu nefndarinnar í samræmi við umræður á fundinum.

3. Málafni hverfisráða 2017 - 2017010043

Lögð fram fundargerð hverfisráðs Eyrar og efri bæjar Ísafjarðar frá 24. október sl. Bæjarráð tók fundargerðina fyrir á 944. fundi sínum 13. nóvember sl. og vísaði henni til úrvinnslu í umhverfis- og framkvæmdanefnd og íþrótt- og tómstundanefnd.

Lagt fram til kynningar.

4. Tjaldsvæði Tungudalur 2018 - 2017110030

Lagt fram minnisblað frá Ralf Trylla umhverfisfulltrúa dags. 15.11.2017 um tjaldsvæði í Tungudal.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd telur æskilegt að bjóða rekstur svæðisins út til lengri tíma en gert hefur verið hingað til, a.m.k. fimm ára, en þó þannig að skýrar heimildir séu til uppsagnar samningsins ef skilyrði eru ekki uppfyllt eða aðstæður breytast.

5. Fyrirspurn til Skipulagsstofnunar - 2017110005

Spurningar umhverfis- og framkvæmdanefndar varðandi umhverfismat á fiskeldisumsóknum.

Málinu frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Kristín Hálfðánsdóttir

Gísli Elís Úlfarsson

Hálfdán Bjarki Hálfðánsson

Ralf Trylla

Brynjar Þór Jónasson